

Ed.

## 112. Frumvarp til laga

[70. mál]

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um sildarútvegsnefnd og útflutning salt-  
aðrar sildar.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Björn Jónsson, Ólafur Jóhannesson, Jónas G. Rafnar.

### 1. gr.

6. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimili sildarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglu-  
firði.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Allt frá því, að sildarútvegsnefnd var sett á stofn, hefur aðalskrifstofa hennar verið á Siglufirði. Nú hefur komið fram, að nefndin hafi ákveðið að flytja aðal-  
skrifstofu sína þaðan til Reykjavíkur. Fyrir skömmu var öllu starfsfólki sildarút-  
vegsnefndar sagt upp til að undirbúa þessa breytingu.

Það mun mælast mjög illa fyrir á Norðurlandi, ef af þessu verður, enda mæla  
þungvæg rök gegn þessari fyrirætlun. Flutningur aðalskrifstofu sildarútvegsnefndar  
frá Siglufirði til Reykjavíkur byggist ekki á neinni sérstakri nauðsyn eða nýjum  
viðhorfum, heldur er hér um að ræða athöfn áhrifamikilla afla í þjóðfélaginu, sem  
vilja draga allt vald til höfuðborgarinnar. Gegn þessu verður fólkið úti á lands-  
byggðinni að sporna af alefli.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að lögfesta það, að aðalskrifstofa sildar-  
útvegsnefndar skuli vera á Siglufirði, svo og að binda það fastmælum í lögum í stað  
reglugerðar, að heimili og varnarþing nefndarinnar sé á Siglufirði. Jafnframt er  
lagt til, að fellt verði niður úr gildandi lögum ákvæði um breytilegan samastað  
nefndarinnar eftir sildargöngum, enda hefur því ákvæði lítt verið framfylgt.

Á fundi Fjórðungsráðs Norðlendinga að Hólum í Hjaltadal 19. ágúst s. l. var svo-  
felld ályktun samþykkt samhljóða:

„Fundur í Fjórðungsráði Norðlendinga, haldinn að Hólum í Hjaltadal laugar-  
daginn 19. ágúst 1967, mótmælir harðlega samþykkt SÚN um flutning á aðalskrif-  
stofu SÚN úr Norðlendingafjórðungi til Reykjavíkur, sem fundurinn telur að gangi  
í berhöggi við tilgang og markmið stjórnvalda varðandi Norðurlandsáætlun og gefin  
heit hana varðandi.

Í stað þess að styrkja og efla stofnanir á Norðurlandi tengdar atvinnulífinu  
mun nú í ráði að færa aðalstöðvar SÚN í faðm Reykjavíkur, þótt ekkert það hafi  
gerzt, sem ýtir undir breytingu í þessu efni frá því, sem verið hefur á undanförunum  
árum og áratugum, nema síður sé, þar sem samgöngur allar hafa stórbatnað við Siglu-  
fjörð og sildin hefur nú í sumar undirstrikað rækilegar en oftast áður, að enginn  
getur fyrir sagt, hvar aðalstöðvar veiði og vinnslu verði.

Skorar fundurinn á stjórn SÚN að endurskoða afstöðu sína í þessu efni og  
sjávarútvegsmálaráðherra að beita áhrifum sínum gegn því, að þessi breyting nái  
fram að ganga.“

Á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar 8. sept. s. l. var framangreind samþykkt  
Fjórðungsráðsins áréttuð og flutningi aðalskrifstofunnar mótmælt með öllum at-  
kvæðum bæjarfulltrúa. Ályktun þessari fylgdi svofelld greinargerð frá bæjarstjórn-  
inni:

„Aðalskrifstofur SÚN hafa frá fyrstu tíð verið staðsettar á Siglufirði. Fyrir-  
hugaður flutningur á skrifstofunni til Reykjavíkur, þegar samgöngur allar við Siglu-  
fjörð hafa stórbatnað, sjálfvirkt símasamband við bæinn komið á og fyrir liggja  
yfirlýsingar stjórnvalda um byggðaáætlanir og atvinnulega uppbyggingu í Norðlend-  
ingafjórðungi, kemur því eins og reiðarslag yfir íbúa bæjarins og raunar Norðlend-  
inga alla, sbr. samróma ályktun Fjórðungsráðs Norðlendinga að Hólum í Hjaltadal  
19. ágúst s. l.

Erfitt er að sjá nokkra frambærilega ástæðu til að flytja skrifstofuna til Reykja-  
víkur — og rýra þann veg enn hlut landsbyggðarinnar og auka á stjórnunar- og  
skrifstofuvald höfuðborgarinnar.“